

RioTinto

Desember 2009
www.riotinto.com

Þannig vinnum við

Alþjóðlegar siðareglur okkar

Rio Tinto

Rio Tinto er leiðandi fyrirtæki á sviði leitar, námugraftar og vinnslu steinefna úr jörðu. Innan samstæðunnar eru Rio Tinto plc, almennt hlutafélag sem skráð er í kauphöllunum í London og New York, og Rio Tinto Limited sem skráð er í verðbréfamíðstöðinni í Ástralíu. Lögð er áhersla á að fyrirtækið starfi sem ein heild og að nýttir séu kostir staðlaðrar og sameiginlegrar nálgunar á dagleg störf.

Markmiðið er að skila hluthöfum okkar hámarksarði með sjálfbærum aðferðum við leit, þróun, námugróft og vinnslu náttúruauðlinda. Stefna okkar er að fjárfesta í og starfrækja stórar og samkeppnishæfar námur og fyrirtæki til lengri tíma þar sem val á hrávöru ræður ekki bara ferðinni heldur einnig þau gæði sem felast í hverju tækifæri.

Helstu framleiðsluvörur okkar eru ál, kopar, demantar, kol, úraníum, gull, iðnaðarefni (bór, títaníumdíoxíð, salt og talk) og járngrýti. Starfsemi okkar fer fram um heim allan en helstu starfsstöðvar okkar eru í Ástralíu og Norður-Ameríku auk þess sem umsvif okkar eru mikil í Suður-Ameríku, Asíu, Evrópu og suðurhluta Afríku.

Alls staðar þar sem Rio Tinto starfar leggjum við áherslu á heilsu og öryggi starfsfólks, sjálfbæra þróun og heiðarleika í vinnubrögðum. Við vinnum náð með þeim samfélögum sem við störfum í, virðum lög þeirra og venjur og tryggjum þeim sanngjarna hlutdeild í ávinningi og tækifærum.

Kæri samstarfsfélagi

Þannig vinnum við

Það orðspor sem fer af Rio Tinto um ábyrga háttsemi er lykilatriði í velgengni okkar og getu til að skila hluthöfum okkar arði.

Orðspor okkar hvílir á þeim fjórum grunngildum sem við störfum eftir og skilgreina hver við erum og hvað við verðum: Ábyrgð, virðingu, samvinnu og heilindum.

Þessi gildi endurspeglast í þeim vinnureglum og verkstöðlum sem koma fram í þessu riti. Við notum þau til að skilgreina þær leiðir sem við förum til að mæta áskorunum í efnahags-, samfélags- og umhverfismálum og þau auðvelda okkur að standa við skuldbindingu okkar um að leggja okkar af mörkum við sjálfbæra þróun.

Verkin tala. Hegðun hvers og eins okkar hefur áhrif á velgengni okkar og hvernig við birtumst umheiminum. *Þannig vinnum við* er samviska okkar. Aðgerðir okkar skila árangri sem við getum verið stolt af, og sem vekur athygli.

Með þessi gildi að leiðarljósi getum við viðhaldið árangri fyrirtækisins til lengri tíma með því að hvetja til aukinna samskipta og örva framlag til þeirra samfélaga þar sem við störfum.

Taktu þér tíma til að lesa og skilja þetta rit og vísaðu stöðugt til þess í starfi þínu.



Jan du Plessis
stjórnarformaður



Tom Albanese
forstjóri

Desember 2009

Efnisyfirlit

Um þetta rit	5
Ábyrgð og sjálfbær þróun	5
Notkun ritsins	6
Framkvæmd siðareglanna	7
Um hverja gilda þær?	7
Ábyrgð okkar	7
Framkvæmd og eftirfylgni	8
Spurningar og tilkynningar um brot	9
Tilkynningalínan <i>Speak-OUT</i>	10
Vinnustaðurinn	11
Öryggi	11
Heilsa	11
Atvinna	12
Fíkniefna- og áfengisvandi	13
Öryggismál og rekstraröryggi	13
Mannréttindi, samfélög og umhverfi	14
Mannréttindi	14
Samfélögin og íbúar þeirra	14
Aðgengi að landi	15
Umhverfi	16
Heilindi í viðskiptum	18
Hagsmunaárekstrar	18
Mál er varða samkeppni eða einokun	19
Mútur og spilling	19
Gjafir og annar viðgerningur	20
Sanngjarnir viðskiptahættir	21
Alþjóðleg viðskipti	21
Innherjaviðskipti	22

Eignir fyrirtækisins og meðferð upplýsinga	23
Innri stjórnun og skjöl fyrirtækisins	23
Notkun starfsfólks á eignum fyrirtækisins	23
Notkun starfsfólks á rafrænum eignum	24
Trúnaðarupplýsingar	25
Hugverkaréttur	25
Gagnaleynd	26
Samskipti við stjórnvöld, fjölmiðla og fjárfesta	27
Samskipti við stjórnvöld	27
Stjórnmalapátttaka	27
Samskipti við fjölmiðla og fjárfesta	28
Gagnsæi	28
Viðauki	
Alþjóðlegir sáttmálar og valfrjálsar skuldbindingar	29

Um þetta rit

Ábyrgð og sjálfbær þróun

Í þessu riti, *Þannig vinnum við*, koma fram siðareglur fyrirtækisins. Hér eru taldar upp meginreglur og staðlar um háttsemi sem staðfesta þann ásetning okkar að starfa á ábyrgan hátt.

Fyrsta útgáfa *Þannig vinnum við* kom út árið 1997, fyrir meira en áratug síðan. En viðmið og reglur um ábyrgð fyrirtækja breytast og starfsemi okkar þróast í sífellu. Þess vegna var ritið endurskoðað árið 2003.

Í þessari þriðju útgáfu er ítrekaður sá ásetningur okkar að starfa af heilindum. Hún mælir fyrir um stranga staðla um stjórnun fyrirtækisins og framlag til sjálfbærrar þróunar. Áherslan á sjálfbæra þróun – á blómlegan efnahag, félagslega velferð, umhverfisstjórnun og stranga staðla varðandi stjórnun og heilindi – er sá leiðarvísir sem fyrirtækið vinnur eftir og gengur eins og rauður þráður gegnum þetta rit. Árangur á þessu sviði veltur á því að höfð sé hliðsjón af sjálfbærri þróun í stefnumótun og ákvörðunarferlum innan fyrirtækisins.

Þannig vinnum við er hluti af stærra samhengi. Þær siðareglur sem hér koma fram byggja á fjórum grunngildum Rio Tinto, sem eru: Ábyrgð, virðing, samvinna og heilindi. Hér koma einnig fram helstu þættir í skuldbindingum sem við höfum gengist undir að eigin frumkvæði.

Mikið af því efni sem hér kemur fram endurspeglar og styðst við viðamikinn grunn af reglum og stöðlum Rio Tinto. Hins vegar eru reglur og staðlar samsteypunnar ekki útskýrðar í þaua hér. Enn fremur er ekki fjallað um stefnur og ferli fyrir einstaka vöruflokka eða rekstrareiningar sem gætu falið í sér viðbótarkröfur um háttsemi. Því er ekki nóg

að þekkja aðeins þau viðmið sem hér koma fram heldur einnig allar reglur og staðla sem varða starfssvið hvers og eins okkar.

Hægt er að nálgast reglur og staðla fyrirtækisins á innra netinu eða biðja um þau á pappírformi hjá starfsfólki á starfsmannasviði. Þeir sem lesa þetta rit á rafrænu formi geta fundið hér tilvísanir í videigandi reglur með tenglum á vefsíður.

Mörg hugtök í ritinu tengjast hvert öðru. Við reynum að fjalla aðeins einu sinni um hvert viðfangsefni og notum þjálfun, spurningar og svör ásamt hliðsjónarefni til að útskýra betur tilgang og væntingar sem búa að baki hverju þeirra.

Þetta rit hefur verið endurskoðað af stjórn Rio Tinto að fenginni ráðgjöf innanhúss og hjá utanaðkomandi aðilum. Rio Tinto mun halda áfram að taka til skoðunar málefni eftir því sem þau koma upp til að tryggja að *Þannig vinnum við* eigi við um ókomin ár.

Hliðsjónarefni

Sustainable development policy



Þannig vinnum við er hluti af stærra samhengi.

Notkun ritsins

- *Þannig vinnum við* nær til fleiri en aðeins starfsfólks fyrirtækisins (sjá hlutann „Um hverja gilda þær?“).
- Gerðu þér grein fyrir ábyrgð þinni eins og henni er lýst í hlutanum „Ábyrgð okkar“.
- Kynntu þér þau efnisatriði sem fjallað er um í þessu riti og hvernig þau tengjast þínu verkswiði.
- Kynntu þér þá kosti sem í boði eru í hlutanum „Spurningar og tilkynningar um brot“ til undirbúnings hafir þú spurningu síðar meir eða viljir tilkynna brot á reglumum í þessu riti.

Framkvæmd siðareglanna

Um hverja gilda þær?

Þannig vinnum við nær til stjórnarmanna, yfirmanna og starfsfólks Rio Tinto, dótturfélaga og tengdra fyrirtækja sem heyra undir samsteypunna.

Í samræmi við videigandi samninga og innkaupastefnu er einnig ætlast til þess að ráðgjafar, fulltrúar, verktakar og birgjar fylgi reglunum í þessu riti í samskiptum sínum við eða fyrir hönd Rio Tinto. Við ættum að tryggja að þeir þekki efni þessa rits annað hvort með því að vísa þeim á vefsvæði Rio Tinto www.riotinto.com eða útvega þeim prentað eintak sé netaðgangur ekki fyrir hendi.

Það er trú Rio Tinto að reglurnar í þessu riti eigi jafnt við alls staðar. Þess vegna reynum við að tryggja að þær séu einnig virtar innan fyrirtækja sem við eigum hlutdeild í eða annars konar aðild að án þess að þau lúti beinni stjórn okkar.

Í þessu riti vísa hugtökin „fyrirtæki“, „samstæða“, „Rio Tinto“ og „Rio Tinto samstæðan“ til Rio Tinto plc og Rio Tinto Limited og dótturfélaga, tengdra fyrirtækja eða lögaðila sem Rio Tinto plc og/eða Rio Tinto Limited fara með ráðandi hlut í.

Hliðsjónarefni

Leading at Rio Tinto (leadership competencies)

Ábyrgð okkar

Öllum er okkur skylt að starfa af heilindum þegar við komum fram fyrir hönd Rio Tinto.

Hvarvetna þar sem við störfum er starfsfólki okkar ætlað að starfa í samræmi við landslög, þetta rit og stefnu og staðla Rio Tinto. Vanþekking á lögum er ekki afsökun fyrir að brjóta þau og því er okkur skylt að þekkja þau lög sem tengjast starfsemi okkar.

Við ættum að svara nokkrum spurningum áður en við tökum ákvörðun í viðskiptum:

- Eru hún í samræmi við lög?
- Eru aðgerðir mínar í samræmi við *Þannig vinnum við* og videigandi stefnu og staðla Rio Tinto?
- Verða einhverjar beinar eða óbeinar neikvæðar afleiðingar fyrir Rio Tinto?
- Hvað myndi fjölskyldu minni, vinum eða nágrönnum þykja um aðgerðir mínar?
- Myndi ég vilja halda þeim leyndum?
- Myndi ég vilja að gjörðir mínar birtust sem forsíðufrétt í dagblaði?

Ef þér þykja svörin við þessum spurningum óþægileg er best að láta viðkomandi verk ógert. Ef þú ert í vafa um hvað gera skal ættirðu að lesa viðkomandi hluta í þessu riti, ræða málið við yfirmann þinn eða hafa samband við aðra tengiliði sem gefnir eru upp hér.

Ef þú ert ekki viss um hvort þú skulir fremur fara eftir þessu riti eða lögum í þínu umdæmi skaltu fara að þeim kröfum sem eru strangari eða leita ráða hjá eftirlitssviði Rio Tinto (Rio Tinto Compliance).

Verðir þú var við háttsemi sem brýtur í bága við lög, siðareglurnar í þessu riti eða stefnu og staðla Rio Tinto ber þér skylda til (eftir því sem lög leyfa) að tilkynna um það eftir einum af þeim leiðum sem koma fram í hlutanum „Spurningar og tilkynningar um brot“.

Brot á lögum, reglunum í þessu riti eða stefnu og stöðlum Rio Tinto getur leitt til agaviðurlaga, jafnvel uppsagnar. Ennfremur, starfi ráðgjafi, fulltrúi, verktaki eða birgir ekki eftir reglunum í þessu riti, gæti farið svo að samningi við hann yrði rift eða hann ekki endurnýjadur.

Sérstök skylda hvílir á stjórnendum að þeir starfi af heilindum og sýni gott fordæmi. Þeir ættu að leitast við að tryggja að starfsfólk og verktakar sem undir þá heyra þekki og starfi eftir reglunum í þessu riti.

Hliðsjónarefni

Leading at Rio Tinto (leadership competencies)

Framkvæmd og eftirfylgni

Við störfum eftir fjölda staðla og stjórnunarkerfa sem ætlað er að tryggja að reglurnar í þessu riti séu innleiddar og þeim fylgt.

Virkar siðareglur eins og þær sem koma fram í þessu riti eru meira en bara orð á blaði eða tölvuskjá. Þær öðlast ekki vægi nema allir starfsmenn þekki þær og fari eftir þeim.

Grundvallarþáttur í viðleitni okkar til að tryggja að reglunum sé framfylgt er *staðall Rio Tinto um eftirfylgni*. Hann veitir ramma um eftirfylgni með lögum, reglunum í þessu riti og stefnu og stöðlum fyrirtækisins ásamt öðrum skuldbindingum sem það hefur kosið að undirgangast. Eftirlitskerfi okkar krefst:

- Skuldbindingar og ábyrgðar fyrirtækisins;
- Greiningar á kröfum og áhættu;
- Stjórnunar á þeirri áhættu;
- Forvarna (t.d. þjálfunar og verkferla);
- Rannsóknar og eftirfylgni;
- Eftirlits og umsagna; og
- Tilkynninga og skýrslugerðar.

Hliðsjónarefni

Compliance standard

Risk policy and standard

HSEQ management system standard

Framkvæmd siðareglanna – framhald

Spurningar og tilkynningar um brot

Fjöldi úrræða er í boði fyrir starfsfólk sem vill spyrja einhvers eða tilkynna brot á lögum, reglunum í þessu riti eða viðkomandi stefnu og stöðlum.

Hægt er að:

- Ræða við stjórnanda eða yfirmann – oftast er best er að byrja á því;
- Nota innri ferli, s.s. kerfi um sanngjarna meðferð eða formleg kvörtunarferli;
- Ræða við starfsmann á starfsmannasviði á þínum vinnustað;
- Ef við á, hafa samband við
 - lögmann fyrirtækisins,
 - starfsmann í innra eftirliti,
 - eftirlitssvið Rio Tinto (Rio Tinto Compliance); eða
- Nota tilkynningalínuna *Speak-OUT* (sjá upplýsingar á næstu síðu).

Öllum upplýsingum sem komið er á framfæri eftir ofangreindum leiðum verður fylgt eftir. Ekki verður farið á neinn hátt gegn þeim sem í góðri trú tilkynna grun um brot á lögum eða stefnu Rio Tinto.

Auk þess höfum við útbúið síðu með spurningum og svörum á netinu þar sem gefin eru dæmi um mögulegar aðstæður sem tengjast atriðum í þessu riti og svör um hvernig best er að vinna úr þeim.

Þeir sem lesa rafræna útgáfu af þessu skjali geta smellt á tengla sem birta spurningar og svör varðandi viðkomandi efni sem fjallað er um í ritinu.

Tilkynningalínan *Speak-OUT*

Starfsfólk Rio Tinto getur notað tilkynningalínuna *Speak-OUT*, gjaldfrjálsa símaþjónustu þar sem hægt er að tilkynna alvarleg mál og óviðeigandi hegðun til yfirstjórnar fyrirtækisins. Hvort sem um er að ræða svik, mismunun, áreitni, ofbeldi, brot á lögum, reglum eða stefnu eða atriði er varða umhverfismál, getur starfsfólkið rætt málið við þar til bæran aðila.

Tilkynningalínan er opin allan sólarhringinn, allt árið og er þjónustan veitt á mörgum tungumálum. Sérþjálfað starfsfólk svarar símtölunum. Þeir sem nýta sér þjónustuna þurfa ekki að gefa upp nafn sitt. Símafulltrúarnir tilkynna svo málið til yfirstjórnar, það er rannsakað og gripið til viðeigandi ráðstafana. Í hverjum mánuði er yfirlit yfir símtölin sent forstjóra fyrirtækisins og yfirmanni eftirlitssviðs.

Við munum ekki liða að gripið sé til aðgerða á neinn hátt gagnvart því starfsfólki sem notfærir sér tilkynningalínuna í góðri trú.

Í sumum löndum gilda takmarkanir um starfrækslu símaþjónustu af þessu tagi á vegum fyrirtækja og í þeim tilvikum er tilkynningalínan starfrækt í samræmi við viðeigandi kröfur.

Hægt er að nálgast upplýsingar um tilkynningalínuna, meðal annars um viðeigandi símanúmer, á hverjum vinnustað.

Vinnustaðurinn

Öryggismál

Við leitumst eindregið við að koma í veg fyrir slys og meiðsl á vinnustaðnum okkar. Markmiðið er að enginn verði fyrir skaða.

Ef allir leggjast á eitt er hægt að útloka slys á vinnustaðnum. Þess er krafist að farið sé í hvívetna eftir öryggisstöðlum, -kerfum, og -ferlum Rio Tinto á öllum starfsstöðum.

Rio Tinto vill stuðla að starfsanda þar sem öryggismál eru ávallt sett á oddinn. Það krefst sýnilegrar og einarðrar forystu, þátttöku alls starfsfólks og verktaka, og þess að á vinnustaðnum sé litið á það sem eðlilegan hluta starfsins að láta sig þessi málefni varða og gera sífellt betur. Reglur okkar varðandi heilsu-, öryggis- og umhverfismál krefjast þess að við greinum og stjórnum áhættu, meðal annars hvað varðar ólíklega atburði sem gætu haft alvarlegar afleiðingar.

Hliðsjónarefni

Safety policy

HSEQ management system standard

Allir öryggisstaðlar fyrirtækisins

Heilsa

Við leitumst eindregið við að vernda heilsu og velferð.

Rio Tinto gerir sér grein fyrir að heilbriggt og afkastasamt starfsfólk er grundvallarþáttur í velgengni okkar og okkur er umhugað um að koma í veg fyrir starfstengd veikindi. Markmið okkar er að draga umtalsvert úr nýjum tilfellum frá ári til árs með því að greina, meta og stjórna áhættuþáttum á vinnustaðnum og með því að hrinda í framkvæmd heilsu- og velferðaráætlunum.

Í gildi eru nokkrir heilsustaðlar sem miðast að helstu heilbrigðisþáttum og komið er í framkvæmd með kennslu, þjálfun, kerfum og ferlum innan fyrirtækisins.

Við stjórnum áhættu á alnæmi og HIV-smiti á markvissan hátt og tökum virkan þátt í að koma á fót heilbrigðisáætlunum í þeim samfélögum þar sem við störfum.

Hliðsjónarefni

Health policy

Sustainable development policy

HSEQ management system standard

Allir heilsustaðlar fyrirtækisins

Atvinna

Við virðum réttindi og reisn starfsfólks okkar og viðskiptavina.

Virðing er lykillinn að góðum vinnustað þar sem réttindi starfsfólks eru virt og reisn þess viðurkennd án ógnunar, misréttis eða þvingunar af nokkru tagi.

Þess vegna:

- Höfnum við mismunun á grundvelli kynþáttar, kyns, þjóðernis, trúar, aldurs, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana eða nokkurra annarra persónueinkenna sem vernduð eru með lögum. Við áskiljum okkur hins vegar rétt til að ráða innlenda starfskrafta umfram aðra þar sem lög leyfa;
- Metum við fjölbreytni mikils og tökum opnum örmum á móti starfsfólki með mismunandi bakgrunn, auk þess sem við virðum jafnrétti kynjanna;
- Bönnum við óviðeigandi orðfæri á vinnustaðnum, þ. á m. guðlast, blótsyrði, dónaskap eða svivirðingar;
- Líðum við ekki þvinganir eða ógnanir á vinnustaðnum;
- Stöndum við gegn og líðum ekki nauðungarvinnu eða barnaþrælkun;
- Viðurkennum við rétt alls starfsfólks til að kjósa hvort það standi utan eða innan stéttarfélags og til að semja um kaup og kjör í sameiningu;

- Höfum við komið á fót sanngjörnu og gagnsæju umbunarkerfi;
- Vinnum við að því að bæta starfshæfni með reglulegum árangursviðtölum og viðeigandi námskeiðum og þjálfun.

Kynferðisleg áreitni er ekki liðin hjá Rio Tinto frekar en önnur áreitni á vinnustað. Kynferðisleg áreitni getur falist í óumbeðnum kynferðislegum tilburðum, kynferðislegum bröndurum, opinskáum eða lúmskum þrýstingi um kynferðislega greiða, kynferðislegum aðdróttunum og ósæmilegum tilboðum. Önnur áreitni á vinnustað getur falist í hótunum, ógnunum, yfirgangi og því að hæðast að einstaklingum eða útloka þá.

Hliðsjónarefni

*Human rights policy and guidance
Sustainable development policy*

Vinnustaðurinn – framhald

Fíkniefna- og áfengisvandi

Óheimilt er að hafa undir höndum eða neyta ólöglegra fíkniefna, sem og að vera undir áhrifum áfengis eða lyfja sem hamla starfsgetu, þegar starfað er fyrir Rio Tinto eða á lóð fyrirtækisins.

Í þágu öryggis, velferðar og framleiðni starfsfólks okkar er mikilvægt að við tökum réttar ákvarðanir. Við þurfum einnig að hugsa skýrt til að vera samkeppnishæf í viðskiptaumhverfi nútímans. Þess vegna þarf dómgreind okkar að vera skýr og ávallt laus við áhrif lyfja eða áfengis.

Hliðsjónarefni

Health standard – Fitness for work

Öryggismál og rekstraröryggi

Við einsetjum okkur að vernda starfsfólk okkar, eignir og orðspor og tryggja starfsemi okkar þegar vá, hamfarir eða atburði ber að sem gætu truflað reksturinn.

Góð öryggisgæsla og rétt viðbrögð við hvers kyns neyðarástandi styrkja rekstur Rio Tinto með því að tryggja að verðmætasköpun haldi áfram.

Hliðsjónarefni

Global Security standards and guidance notes

Mannréttindi, samfélög og umhverfi

Mannréttindi

Við styðjum og virðum mannréttindi í samræmi við almennu mannréttindayfirlýsinguna og leggjum okkur fram um að koma í veg fyrir að við séum þátttakendur í mannréttindabrotum annarra.

Í gildi eru skýr ferli til að vernda mannréttindi í starfsemi okkar. Við hvetjum til heilbrigðra samskipta og forðumst borgaraátök hvar sem við erum. Rio Tinto virðir og styður við reisn, velferð og rétt starfsfólks fyrirtækisins, fjölskyldna þess og þeirra samfélaga þar sem við störfum.

Þar sem þessum réttindum er ógnað reynum við að tryggja að farið sé eftir alþjóðlegum viðmiðum og forðumst aðstæður sem mætti túlka sem þögult samþykki við mannréttindabrotum.

Hliðsjónarefni

Human rights policy and guidance

Samfélögin og íbúar þeirra

Við höfum það að markmiði að byggja upp traust samband við nágranna okkar sem byggist á gagnkvæmri virðingu, virku samstarfi og skuldbindingu til lengri tíma.

Samfélagsleg tengsl eru þáttur af framkvæmda- og rekstraráætlunum okkar hvar sem við störfum. Við reynum eftir fremsta megni að laga okkur að mismunandi menningu, lífsstíl, áherslum, arfleifð og sjónarmiðum nágranna okkar.

Við virðum fjölbreytni innfæddra og gerum okkur grein fyrir þeim einstöku og mikilvægu hagsmunum sem þeir eiga í landi, vatni og umhverfi sínu og jafnframt sögu sinni, menningu og hefðum.

Við leggjum áherslu á samstarf hvort sem er á alþjóðlegum vettvangi, á landsvísu eða svæðisbundið. Við leggjum hart að okkur við að tryggja að samráð sé haft við viðkomandi samfélög eftir leiðum og á tungumáli sem þau skilja, áður en við hefjum starfsemi, á meðan hún stendur yfir og þegar við lokum starfsstöðvum. Við viljum að samfélögin á hverjum stað eigi virka aðild að þeim efnahagslegu umsvifum sem fylgja starfsemi okkar og við styðjum við svæðisbundin verkefni sem leiða til sjálfbærrar þróunar án þess að samfélögin verði okkur háð.

Hliðsjónarefni

*Communities policy and standards
Sustainable development policy*

Mannréttindi, samfélög og umhverfi – framhald

Aðgengi að landi

Við leitumst við að afla tillögum okkar eins viðtæks stuðnings og mögulegt er á meðan starfsemi okkar stendur.

Við nálgumst og notum land, bætum fyrir óhjákvæmileg áhrif og vinnum með viðkomandi samfélögum og íbúum þeirra við að uppfylla þarfir þeirra eftir fremsta megni. Í öllum tilvikum felst það í samráði við innfædda, yfirvöld og aðra hlutadeigandi aðila.

Við sættum okkur við að viðbrögðin kunna stundum að vera með þeim hætti að við ákveðum að falla frá hugmyndum um rannsókn á landkostum eða þróun á starfsemi okkar, jafnvel þó að við höfum lagalegan rétt til þess.

Við rannsökum ítarlega þau áhrif sem starfsemi okkar hefur áður en hún hefst, sérstaklega á svæðum þar sem verndar- eða menningarhagsmunir eru miklir. Markmið okkar er að vinna með öðrum við að fylgjast með og draga úr þeim áhrifum. Þegar starfsemi er hætt færum við landið í fyrra horf í samræmi við bestu þekktu aðferðir og viðteknar venjur á hverjum stað, auk laga og reglna.

Kröfur um yfirráðarétt yfir landi eru í sumum tilfellum gerðar á grundvelli hefðarréttar fremur en beinna lagaákvæða. Einnig getur verið munur á landnýtingarstefnu landstjórna og svæðisbundinna yfirvalda.

Markmið okkar er að brúa bilið á milli laga og hefðarréttar með því að gera okkur grein fyrir þeim þáttum sem að málinu lúta. Þar sem landnýting hefur áhrif á eignir verða þau áhrif metin og samkomulag gert um bætur.

Hliðsjónarefni

Closure standard

Communities policy and standards

Sustainable development policy

Environmental policy and standards

Umhverfi

Framúrskarandi árangur í umhverfismálum og ábyrgt framleiðsluferli eru grundvallaratriði í velgengni okkar.

Við störfum í samræmi við alþjóðlega viðurkennda umhverfisstaðla, þ.m.t. ISO14001 vottun fyrir umhverfisstjórnun.

Í allri samstæðunni er unnið eftir stöðlum, stefnumótun, markmiðum og áætlunum til að stjórna áhættu í umhverfismálum. Við greinum tækifæri til að bæta umhverfisstjórnun á öllum stigum starfseminnar, og jafnframt við mat á kaupum og sölu eigna. Hvar sem við getum reynum við að koma í veg fyrir eða lágmarka, draga úr og bæta fyrir umhverfisáhrif.

Við vinnum markvisst að því að bæta árangur okkar á lykilsviðum umhverfismála, en meðal þeirra eru:

- **Liffræðileg fjölbreytni:**

Við leitumst við að vernda þau lífkerfi sem við reidum okkur á með því að draga eins og kostur er úr áhrifum námuvinnslu á liffræðilega fjölbreytni. Við höfum einsett okkur að leggja af mörkum jákvætt framlag til liffræðilegrar fjölbreytni sem vegi upp á móti neikvæðum áhrifum af starfsemi okkar. Til að ná því markmiði höfum við þróað stefnu um liffræðilega fjölbreytni í samvinnu við helstu hagsmunaaðila.

- **Sjálfbær nýting vatns:**

Hagkvæmur aðgangur að vatni skiptir miklu máli í starfsemi Rio Tinto. Frekari aðgangur að því fer eftir árangri okkar og orðsþori við að nota vatn með ábyrgum og sjálfbærum hætti.

- **Loflagsbreytingar:**

Losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum veldur loftlagsbreytingum. Mikilvægt er að draga úr þeim áhrifum. Nálgun okkar einkennist af frumkvæði, hagkvæmni og gagnsæi og felur í sér þróun á innri markmiðum um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi okkar. Við vinnum einnig að því með viðskiptavinum okkar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í tengslum við vörur okkar.

- **Ábyrg framleiðsla:**

Ábyrg framleiðsla er hluti af framlagi Rio Tinto til sjálfbærrar þróunar. Við þróum með okkur skilning á öllum líftíma vörunnar og öruggri notkun hennar. Við viðurkennum ábyrgð okkar á þeim vörum sem við framleiðum, allt frá efnisvinnslu til endurvinnslu eða förgunar. Þessi skuldbinding felur meðal annars í sér að skilja hvernig varan er notuð og útvega videigandi heilbrigðis- og umhverfisgögn til að tryggja örugga notkun hennar og meðhöndlun.

Mannréttindi, samfélög og umhverfi – framhald

- **Ferli við lokun:**

Lokun á starfsstöðvum Rio Tinto fer fram samkvæmt heildrænni nálgun. Staðall okkar um þetta ferli gildir alls staðar þar sem við störfum og er hafður til hliðsjónar á öllum stigum starfseminnar. Gerð er lokunaráætlun í því skyni að tryggja að niðurstaðan sé félagslega, efnahagslega og umhverfislega sjálfbær.

Hliðsjónarefni

Environment policy

Sustainable development policy

HSEQ management system standard

Allir umhverfisstaðlar fyrirtækisins og

stefnumörkun þar að lútandi

Climate position statement

Closure standard

Heilindi í viðskiptum

Hagsmunaárekstrar

Hvert og eitt okkar þarf að gæta þess að eigin gjörðir og hagsmunir rekist ekki á við ábyrgð okkar hjá Rio Tinto. Mikilvægt er einnig að forðast aðstæður sem hægt er að túlka sem hagsmunaárekstur.

Hagsmunaárekstur getur orðið ef starfsmaður hefur persónulega hagsmuni af ákvörðun sem hann þyrfti að taka með hlutlægum hætti og í þágu hagsmuna Rio Tinto. Ef þú telur að þú sért hugsanlega í slíkri stöðu skaltu þegar í stað ræða málið við yfirmann og gera honum grein fyrir málavöxtum.

Hagsmunaárekstur getur meðal annars falist í:

- Vinnu eða verkefnum utan fyrirtækisins;
- Utanaðkomandi viðskiptatengslum við eða hagsmunum gagnvart birgi, viðskiptavini eða keppinaut;
- Viðskiptasambandi fyrir hönd Rio Tinto við vin eða ættingja eða fyrirtæki undir stjórn slíks einstaklings;
- Að hafa áhrif á eða stjórna mati á frammistöðu eða launum ættingja eða lífsförunautar;
- Beitingu eða miðlun trúnaðarupplýsinga um Rio Tinto í hagnaðarskyni, s.s. með því að selja eða kaupa eða ráðleggja öðrum að selja eða kaupa eignir eða vörur Rio Tinto á grundvelli slíkra upplýsinga;

- Að þiggja góðgerðir, umfram smágjafir eða hóflega gestrisni, af einstaklingi eða fyrirtæki sem á eða býst við að eiga í viðskiptum við Rio Tinto.

Beita þarf almennri skynsemi og heilbrigðri dómgreind til að gefa aldrei tilefni til að ætla að um hagsmunaárekstur sé að ræða.

Hliðsjónarefni

Business integrity standard
Rio Tinto procurement principles

Heilindi í viðskiptum – framhald

Mál er varða samkeppni eða einokun Rio Tinto aðhyllist frjálsa og sanngjarna samkeppni.

Það er stefna okkar að veita kraftmikla og áhrifaríka samkeppni um leið og farið er að viðeigandi lögum varðandi samkeppnismál og einokun hvarvetna þar sem við störfum.

Í samræmi við staðal Rio Tinto um samkeppnismál:

- Höldum við samskiptum við keppinauta í lágmarki;
- Birtum við ekki, leitumst eftir eða skiptumst á viðkvæmum upplýsingum við keppinauta, s.s. um verð, samningaviðræður, framleiðslugetu, framleiðslukostnað, viðskiptaáætlanir, tilboðsáætlanir, viðskiptavini og markaðshlutdeild;
- Ræðum við ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar þar sem við eigum í samstarfi (e. joint venture) við keppinauta eða væntanlega keppinauta, nema upplýsingarnar tengist því tiltekna samstarfi;
- Ræðum við ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar innan viðskipta- eða atvinugreinasamtaka;
- Tökum við ekki þátt í gagnkvæmum samanburði við keppinauta eða væntanlega keppinauta nema að fengnu samþykki frá lögfræðingi fyrirtækisins;

- Afhendum við ekki upplýsingar í tengslum við vöruviðskipti við keppinauta nema að því marki sem réttmætt er að fara fram á til að ljúka megi viðskiptunum.

Sértu í vafa um hvað gera skuli skaltu ráðfæra þig við lögmann fyrirtækisins.

Hliðsjónarefni

Antitrust standard

Mútur og spilling

Rio Tinto líður ekki mútur og spillingu af neinu tagi, hvort heldur beint eða óbeint.

Við hvorki bjóðum, lofum, gefum, krefjumst né þiggjum, hvort sem er með beinum eða óbeinum hætti, neitt sem talist getur til óeðlilegra hagsbóta okkur sjálfum eða viðkomandi aðila, í samskiptum okkar við:

- Opinbera starfsmenn;
- Stjórnmalaflokka, frambjóðendur þeirra og fulltrúa;
- Forystumenn samfélagshópa og aðra þá sem koma fram í krafti trausts sem almenningur ber til þeirra;
- Starfsmenn einkafyrirtækja (óháð stöðu þeirra)

Í því skyni að ná, endurheimta eða stýra viðskiptum eða til að tryggja annars konar óviðeigandi forskot í viðskiptum.

Jafnframt er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þeim möguleika að mútur séu greiddar undir því yfirsikni að um sé að ræða greiðslur fyrir keypta þjónustu eða framlög til góðgerðamála. Allar slíkar greiðslur skulu vera í samræmi við staðla Rio Tinto um heilindi í viðskiptum og bann við mútum.

Í sumum löndum eru svokallaðar „facilitation payments“ (greiðslur til að liðka fyrir viðskiptum) löglegar. Rio Tinto leyfir hins vegar ekki slíkar greiðslur.

Þyki þér vafi leika á um lögmæti greiðslu sem þú hefur verið beðin(n) að inna af hendi, þ.m.t. greiðslu til að liðka fyrir viðskiptum, skaltu ráðfæra sig við lögfræðing hjá fyrirtækinu.

Hliðsjónarefni

*Business integrity standard
Antibribery due diligence standards*

Gjafir og annar viðgerningur

Óheimilt er að bjóða eða þiggja gjafir eða afþreyingu í því skyni að verðlauna eða ýta undir fyrirgreiðslu.

Það getur verið fyllilega réttmætt við tilteknar aðstæður að gefa eða þiggja smágjafir eða hóflegan viðgerning af öðru tagi. Kvöldverður getur t.d. verið þægilegur vettvangur til að ræða viðskipti í afslappandi umhverfi. Slíkt getur hins vegar talist mútur, pólitísk fyrirgreiðsla eða tilraun til að hafa óviðeigandi áhrif, og fer það eftir umfangi, tíðni og aðstæðum.

Lykilatriðið er að meta hvort gjöfum eða öðrum viðgerningi sé ætlað að verðlauna eða ýta undir greiða eða fyrirgreiðslu, eða jafnvel einungis að með sanngjörnum hætti megi draga þá ályktun að svo sé. Ef sú er raunin er slíkt óheimilt samkvæmt reglum Rio Tinto. Veiting og viðtaka gjafa og/eða afþreyingar, þar með talin greiðsla á ferðakostnaði, verður að vera í samræmi við staðal Rio Tinto um heilindi í viðskiptum.

Hliðsjónarefni

Business integrity standard

Heilindi í viðskiptum – framhald

Sanngjarnir viðskiptahættir

Það er stefna okkar að koma fram af sanngirni og heilindum.

Í samskiptum okkar við viðskiptavinum verðum við að vera skýr, gagnorð og sanngjörn. Sé samanburður heimill samkvæmt lögum er rétt að bera vörur okkar, þjónustu og starfsmenn saman við keppinauta með sanngjörnum hætti. Við verðum einnig að tryggja að vörur okkar séu í samræmi við lögformlega staðla um heilbrigðis- og öryggismál.

Við innkaup ætlast Rio Tinto til þess að keppa á á sanngjörnum markaði. Val á birgjum fer fram eftir sanngjörnu matsferli.

Við ætlumst til þess að birgjar okkar hafi eigin stefnu um sanngjarna samkeppni og heilindi þar sem farið er fram á fylgni við viðeigandi lög, viðmið og reglur og lagt er bann við að bjóða eða þiggja mútur. Jafnframt að þeir hafi ferli sem tryggir að farið sé að þessum reglum.

Hliðsjónarefni

Business integrity standard

Rio Tinto procurement principles

Alþjóðleg viðskipti

Fyrirtækið hefur starfsstöðvar um allan heim og er því bundið af lögum og reglum þjóðríkja og landsvæða sem eru breytileg frá einu landi til annars. Í því sambandi verðum við einkum að gæta að eftirfarandi:

- Að greiðslur til þjónustu- og dreifingaraðila séu alltaf fyrir þjónustu sem þeir hafa

veitt og fjárhæð þeirra í samræmi við eðli þjónustunnar;

- Að skattar og gjöld sem greidd eru til opinberra aðila séu gild og geti ekki talist mútur;
- Að færa ekki út kvíarnar til lands sem Rio Tinto hefur ekki starfað í áður án þess meta áhættu sem því kann að fylgja og ræða það við stjórnendur og lögmann hjá fyrirtækinu;
- Að við séum meðvituð um viðskipti við átakalönd eða lönd sem sæta alþjóðlegum refsiaðgerðum;
- Að fylgja öllum reglum um útflutning til þeirra landa sem um ræðir hverju sinni og viðeigandi ákvæðum í alþjóðaviðskiptasamningum;
- Að fá hjá lögmanni fyrirtækisins leiðbeiningar um tilhögun á stjórnun á rekstri milli landa (þ.m.t. um stjórnarsetu í fyrirtækjum sem staðsett eru erlendis).

Hliðsjónarefni

Risk policy and standard

Business integrity standard

Antibribery due diligence standards

Innherjaviðskipti

Ef við búum yfir innherjaupplýsingum megum við ekki eiga viðskipti með verðbréf (s.s. hlutabréf, kaupréttarbréf o.s.frv.) eða láta slíkar upplýsingar í té fjölskyldu, vinum eða öðrum aðilum. Ávallt ber að sýna fyllstu aðgát við meðhöndlun á upplýsingum af þessu tagi.

Hjá Rio Tinto gilda reglur um viðskipti með hlutabréf í Rio Tinto af hálfu stjórnarmanna og starfsfólks sem hefur aðgang að innherjaupplýsingum. Þessum einstaklingum ber samkvæmt reglunum að leita heimildar hjá regluverði fyrirtækisins (e. company secretary) áður en þeir eiga slík viðskipti, til að tryggja að þeir búi ekki yfir innherjaupplýsingum. Heimild er aldrei veitt á „lokuðu tímabili“, þ.e. rétt áður en tilkynnt er um árs- eða árshlutauppgjör. Reglurnar ná einnig til viðskipta fjölskyldumeðlims eða annars „tengds aðila“ fyrir hönd innherja.

Ef þú hefur aðgang að innherjaupplýsingum máttu ekki eiga viðskipti með verðbréf eða veita öðrum slíkar upplýsingar, þ.m.t. fjölskyldu þinni. Þér ber jafnframt að gera allt sem í þínu valdi stendur til að tryggja að upplýsingarnar spyrjist ekki út.

Með innherjaupplýsingum er átt við upplýsingar sem eru almennt ekki aðgengilegar og líklegt er að myndu, væru þær aðgengilegar:

- Hafa umtalsverð áhrif á verð bréfa Rio Tinto eða annarra fyrirtækja; eða
- Hafa áhrif á ákvörðun fólks um hvort það kaupir eða selur slík bréf.

Til innherjaupplýsinga geta t.d. talist upplýsingar um fjárhagsniðurstöður, stóra kaupsamninga, samstarf við aðra um rekstur (e. joint venture), umtalsverð fjárfestingarverkefni, mikilvæga samninga, yfirtökutilboð, framleiðslutölur og ítarlegar söluupplýsingar.

Hliðsjónarefni

*Corporate governance policy and standard
Rules for dealing in Rio Tinto securities*

Eignir fyrirtækisins og meðferð upplýsinga

Innri stjórnun og skjöl fyrirtækisins

Öll skjöl fyrirtækisins skulu veita sanna og sanngjarna mynd af stöðu starfsemi okkar.

Við verðum að tryggja að allir fjármálagæringar séu skráðir í samræmi við bókhaldsreglur Rio Tinto. Nauðsyn á raunsannri og rétttri skráningu nær einnig til annarra skjala en um fjármál og gildir um alla starfsemi okkar.

Við megum ekki af ásettu ráði valda því að skjöl fyrirtækisins séu röng að einhverju leyti, og ekki búa til eða taka þátt í gerð skjala sem ætlað er að hylma yfir óviðeigandi gjörðir.

Við lýði er innra stjórnunarferli sem felur í sér áhættugreiningu og endurskoðun á fjármála-, rekstrar- og eftirlitsferlum. Á hverju ári fylla yfirmenn fyrirtækisins út ítarlegan spurningalista til að staðfesta að innri stjórn Rio Tinto virki á árangursríkan hátt. Við fylgjum viðeigandi reglum og viðmiðum um bókhalds- og skýrslugerð og notum þær með samræmdum hætti samkvæmt bestu dómgreind.

Hliðsjónarefni

Information management standard
Rio Tinto retention schedule
Information security standards
Corporate governance policy and standards
HSEQ management system standard
Compliance standard
Controllers manual

Notkun starfsfólks á eignum fyrirtækisins

Eignum og fjármunum Rio Tinto má aðeins ráðstafa í þágu fyrirtækisins.

Þess vegna megum við ekki:

- Taka, nota eða afhenda eigur eða fjármuni Rio Tinto til persónulegra nota eða hagsbóta;
- Gera breytingar á eða farga eignum Rio Tinto án tilskilinnar heimildar; eða
- Fjarlægja eigur Rio Tinto eða nota þjónustu fyrirtækisins án heimildar stjórnenda fyrirfram.

Sumar athafnir geta verið til hagsbóta bæði fyrir Rio Tinto og einstaka starfsmenn og oft á tíðum er erfitt að greina á milli hagsmuna fyrirtækisins og starfsmanna. Það er því mikilvægt að yfirmaður þinn samþykki fyrirfram notkun á eignum eða þjónustu sem ekki er eingöngu í þágu Rio Tinto.

Hliðsjónarefni

Controllers manual
Sjá einnig hlutann *Hagsmunaárekstrar* á bls. 18

Notkun starfsfólks á rafrænum eignum

Rafrænar eignir Rio Tinto skal aðeins nota á ábyrgan, viðeigandi og siðlegan hátt.

Undir „rafrænar eignir“ heyra m.a. tölvupóstur, spjallforrit, símar, fax og talhólf, aðgangur að interneti og netkerfum, gagnagrunnar, talstöðvar og lokaðar sjónvarpsrásir.

Rafrænar eignir Rio Tinto má aldrei nota með óviðeigandi hætti. Dæmi um óviðeigandi notkun eru m.a.:

- Notkun sem tengist efni sem er móðgandi, klámfengið, ærumeiðandi eða felur í sér misnotkun, áreitni eða ofbeldi;
- Að vera vísitandi valdur að því að efni (þ.m.t. hugbúnaður) sé notað, afritað eða dreift í bága við trúnað eða höfundarrétt;
- Fjárhættuspil á netinu;
- Þátttaka eða aðstoð við ólöglegt athæfi;
- Þátttaka í athæfi sem miðar að eigin hagnaði;
- Þátttaka í óleyfilegu athæfi sem miðar ekki að hagnaði;
- Að eyða eða reyna að eyðileggja tölvutækar skrár sem eru eða líklegt er að geti verið sönnunargögn í lagalegum tilgangi eða við rannsóknir eftirlitsaðila; og
- Vísitandi dreifing tölvuveiru.

Tilfallandi einkanot á rafrænum eignum Rio Tinto eru leyfileg séu þau í hófi og bitni ekki á starfsskyldum. Misnotkun á slíkum fríðindum telst brot í starfi.

Rio Tinto áskilur sér rétt til að fylgjast með og loka fyrir notkun internets, tölvupósts og annarra rafrænna eigna hvenær sem er svo framarlega sem viðkomandi lög leyfa. Rio Tinto verður að halda hverju því sem telst viðskiptagögn (s.s. skjölum á rafrænu formi og tölvupósti) eins lengi og nauðsyn þykir, jafnvel eftir brotthvarf starfsmanns sem bjó gögnin til.

Aðgangsorð einstaklinga verða að vera örugg öllum stundum og ekki má deila þeim með öðru starfsfólki.

Hliðsjónarefni

Standard for the acceptable use of electronic resources

Eignir fyrirtækisins og meðferð upplýsinga – framhald

Trúnaðarupplýsingar

Trúnaðarupplýsingar Rio Tinto verður að vernda öllum stundum svo og trúnaðarupplýsingar sem okkur er trúað fyrir (s.s. frá viðskiptavinum og birgjum).

Til „trúnaðarupplýsinga“ teljast m.a.: Tæknilegar upplýsingar um vörur eða ferli, listar yfir söluaðila eða kaupverð, áætlanir um kostnað, verðlagningu, markaðssetningu eða þjónustu, óopinberar fjárhagsskýrslur og upplýsingar um sölu, samruna og kaup á fyrirtækjum.

Við verndun trúnaðarupplýsinga verðum við að huga að eftirfarandi:

- Gæta að því hvar og hvenær við ræðum trúnaðarupplýsingar Rio Tinto;
- Gæta að því hvar og hvernig við geymum þær;
- Gæta þess að láta þær ekki í té eða nota þær á nokkurn annan hátt í eigin hagnadar- eða ábataskyni;
- Koma á trúnaðarsamningum við aðila utan fyrirtækisins áður en við ræðum trúnaðarmál.

Þegar okkur eru boðnar trúnaðarupplýsingar eða við bedin um þær er mikilvægt að tryggja að báðir aðilar skilji og samþykki þá skilmála sem settir eru um upplýsingarnar.

Hliðsjónarefni

*Information management standard
Rio Tinto procurement principles*

Hugverkaréttur

Rio Tinto verndar hugverkarétt sinn og virðir hugverkarétt annarra.

Hugverkaréttur er meðal annars: Einkaleyfi, höfundarréttur, vörumerki og viðskiptaleyndarmál. Hugverkaréttur felur í sér að handhafi hans hefur viss lagaleg réttindi. Vörumerki okkar og annar hugverkaréttur eru á meðal verðmætustu eigna fyrirtækisins. Til að vernda þær verðum við að:

- Þekkja reglur og ferli innan fyrirtækisins sem tengjast hugverkarétti og notkun á merki;
- Vera meðvituð um möguleg brot starfsmanna, viðskiptavina, birgja og keppinauta á hugverkarétti (s.s. óleyfilega notkun);
- Leyfa ekki viðskiptavinum okkar, birgjum eða samstarfsaðilum að nota heiti eða merki Rio Tinto án viðeigandi samþykkis; og
- Tryggja að þriðju aðilar undirriti trúnaðarsamning eins og við á til að vernda hugverkarétt okkar.

Við verðum einnig að virða hugverkarétt annarra, s.s. birgja og viðskiptavina. Sérlega mikilvægt er að hafa þetta í huga áður en við afritum eða dreifum prentuðu eða rafrænu efni.

Hliðsjónarefni

Controllers manual

Gagnaleynd

Rio Tinto leggur mikla áherslu á löglega og rétta meðferð persónuupplýsinga.

„Persónuupplýsingar“ eru sérhverjar þær upplýsingar sem tengjast tilteknum einstaklingi og má rekja til hans. Við verðum að vernda persónuupplýsingar núverandi og fyrrverandi hluthafa, stjórnarmanna, starfsfólks, birgja og viðskiptavina og hverjar þær upplýsingar um tengdar fjölskyldur eða skyldmenni sem safnað er í viðskiptalegum tilgangi.

Í samræmi við gildandi persónuverndarlög skal stýra aðgangi að persónuupplýsingum til að koma í veg fyrir óheimila eða ólöglega úrvinnslu eða að þær glatist, eyðist eða skemmist fyrir slysi.

Hliðsjónarefni

Data privacy standard

Information management standard

Information security standards

Samskipti við stjórnvöld, fjölmiðla og fjárfesta

Samskipti við stjórnvöld

Við hegðum okkur í samræmi við ýrtruðu siðferðisviðmið í samskiptum við stjórnvöld.

Til samskipta við stjórnvöld teljast öll viðskiptatengd samskipti fyrirtækisins við stjórnvöld, stofnanir þeirra og fulltrúa, jafnt á landsvísi sem í smærri umdæmum. Í þeim samskiptum:

- Sinnnum við sérhverri lögmætri beiðni stjórnvalda um upplýsingar eða samstarf í tengslum við rannsókn eftirlitsaðila, en gætum þess jafnframt að lagalegur réttur Rio Tinto sé virtur, svo sem réttur á aðkomu lögfræðings;
- Verðum við að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda trúnað upplýsinga þegar við látum yfirvöldum þær í té;
- Megum við ekki hafa opinberan starfsmann í þjónustu okkar nema samkvæmt skriflegum samningi við stjórnvöld þar sem tilgreint er hvaða lögmætu þjónustu um er að ræða. Í sumum löndum er með öllu óheimilt að ráða opinberan starfsmann til nokkurs verks;
- Takmörkum við gjafir og annan viðgerning við fulltrúa stjórnvalda til að tryggja að við brjótum hvorki lög né komum hlutaðeigandi aðilum eða Rio Tinto í vefengjanlega stöðu.

Hafðu samband við yfirmann þinn eða lögmann fyrirtækisins ef spurningar vakna um samskipti þín við fulltrúa stjórnvalda.

Hliðsjónarefni

Business integrity standard

Sjá einnig *Gjafir og annar viðgerningur og Stjórnmalabátttaka* á síðum 20 og 27.

Stjórnmalabátttaka

Rio Tinto tekur ekki, hvorki með beinum né óbeinum hætti, þátt í starfi stjórnmalaflokka né lætur af hendi greiðslur til stjórnmalaflokka eða einstakra stjórnmalamanna.

Rio Tinto kemur á framfæri við stjórnvöld og aðra skoðunum sínum á málefnum sem varða viðskiptahagsmuni okkar og hagsmuni hluthafa, starfsfólks og annarra sem tengjast starfsemi okkar. Með því að taka þátt í almennri umræðu leggjum við okkar af mörkum við þróun skynsamlegra laga og reglna sem skipta máli fyrir viðskiptahagsmuni okkar.

Ekkert í stefnu Rio Tinto miðar að því að hindra einstaklinga frá þátttöku í stjórnmalum í sínum persónulega frítíma.

Hliðsjónarefni

Business integrity standard

Samskipti við fjölmiðla og fjárfesta

Samskipti okkar við fjölmiðla og fjárfesta einkennast af nákvæmni og samkvæmni.

Samskipti við fjölmiðla, fjárfesta og greiningaraðila er á ábyrgð talsmanna Rio Tinto. Öllum erindum og beiðnum frá slíkum aðilum ber að beina til þeirra sem bera ábyrgð á fjölmiðlatengslum eða fjárfestatengslum fyrirtækisins, eftir því sem við á.

Talsmenn Rio Tinto skulu ávallt hafa heilindi og gagnsæi að leiðarsljósi, og jafnframt gæta þess að ljóstra ekki upp á heimildar trúnaðarupplýsingum eða óopinberum upplýsingum eða mismuna aðilum um slíkar upplýsingar.

Við megum ekki tjá okkar persónulegu skoðanir sem skoðanir Rio Tinto.

Hliðsjónarefni

Corporate governance policy and standards
Continuous disclosure standards

Gagnsæi

Við leggjum okkur fram um að starfa á eins gagnsæjan hátt og unnt er í samræmi við góða stjórnarhætti og viðskiptatrúnað.

Rio Tinto birtir án óþarfa tafa upplýsingar um rekstrarárangur og fjárhagslega stöðu fyrirtækisins. Við sannreynum nákvæmni þeirra upplýsinga og forðumst að mismuna fólki um birtingu þeirra. Við veitum víðeigandi stofnunum á starfssvæðum fyrirtækisins fullnægjandi upplýsingar og dreifum þeim

vítt á mörkuðum þar sem viðskipti fara fram með bréf í félaginu, jafnt í fjölmiðlum sem með beinum hætti, þ. á m. á vefsvæðum okkar.

Rio Tinto birir án tafar upplýsingar sem vænta má að hafi markverð áhrif á verð hlutabréfa félagsins þannig að viðskipti með þau fari fram á upplýstum markaði. Starfsfólki er skylt að tilkynna næsta yfirmanni tafarlaust um hvaðeina sem haft gæti markverð áhrif á gengi bréfa fyrirtækisins.

Við birtum árlega, ótilneydd og að eigin frumkvæði, ítarlegar skýrslur um árangur félagsins og einstakra rekstrareininga þess hvað varðar sjálfbæra þróun.

Hliðsjónarefni

Corporate governance policy and standards
Continuous disclosure standards

Athugasemd um „undanþágur“: Það er aðeins við sjaldgæfar kringumstæður sem samstæðan myndi ljá máls á því að veita undanþágur frá reglunum í *Þannig vinnum við*. Óski stjórnarmaður eða háttsettur yfirmaður eftir undanþágu er beiðnin tekin fyrir af stjórn fyrirtækisins eða nefnd á hennar vegum um félagslega og umhverfislega ábyrgð, og sé hún veitt er það tilkynnt hluthöfum. Óskir um undanþágur fyrir aðra aðila koma til kasta yfirmanns eftirlitssviðs og eru veittar undanþágur tilkynntar ofangreindri nefnd.

Viðauki

Nokkrar af þeim alþjóðlegu valfrjálsu skuldbindingum, samningum og sáttmálum sem Rio Tinto styður

- Extractive Industries Transparency Initiative (um gagnsæi í rekstri fyrirtækja í jarðefnavinnslu)
- Global Sullivan Principles of Social Responsibility (viðmið um félagslega ábyrgð fyrirtækja)
- Sáttmáli Alþjóðaverslunarráðsins um sjálfbæra þróun
- Alþjóðaráðið um námugróft og málmvinnslu – viðmið um sjálfbæra þróun
- Alþjóðavinnuáráðastofnunin – yfirlýsing um grundvallarreglur og réttindi í starfi
- 169. ráðstefna Alþjóðavinnuáráðastofnunarinnar: Varðandi frumbyggja og ættbálka í sjálfstæðum ríkjum
- Kimberley Process (aðgerðir gegn smygli og ofbeldisverkum tengdum demöntum)
- Sáttmáli OECD um baráttu gegn mútum opinberra starfsmanna í alþjóðaviðskiptum
- Leiðbeiningar OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki
- Transparency International – viðskiptareglur gegn mútum
- United Nations Global Compact (áætlun Sameinuðu þjóðanna um góða starfshætti fyrirtækja)
- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna

- **Voluntary Principles on Security and Human Rights (viðmið um öryggismál og mannréttindi)**
- **Alþjóðæfnahagsráðið – Global Corporate Citizenship Initiative CEO Statement (yfirlýsing um samfélagsábyrgð fyrirtækja)**
- **Alþjóðæfnahagsráðið – Partnering Against Corruption Initiative (PACI) Principles for Countering Bribery (samstarf og reglur gegn spillingu og mútum)**

Rio Tinto plc
2 Eastbourne Terrace
London W2 6LG
Bretlandi

T +44 (0)20 7781 2000

Rio Tinto Limited
120 Collins Street
Melbourne, Victoria 3000
Ástralíu

T +61 (0)3 9283 3333